



FUNDARGERÐ 477. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, þriðjudaginn 14. febrúar 2023. Fundurinn er settur klukkan 07:38. Fundurinn er staðfundur að Suðurhrauni 10, 210 Garðabæ.

Fundarstjóri: Valdimar Víðisson, formaður stjórnar.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Mætt: Aldís Stefánsdóttir, Árelía Eydis Guðmundsdóttir, Guðfinnur Sigurvinsson, Orri Hlökkversson Svana Helen Björnsdóttir, og Valdimar Víðisson.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir fjármálastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri sækja staðfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Starfsskýrsla og -áætlun endurskoðunarnefndar SORPU bs.

Lárus Finnbogason, formaður endurskoðunarnefndar SORPU, tekur sæti á fundinum undir þessum lið. Lárus gerir grein fyrir starfsskýrslu og -áætlun endurskoðunarnefndar SORPU og ábyrgð stjórnar.

Lárus vísar af fundi klukkan 08:06.

2. Starfsskýrsla áhættunefndar SORPU bs.

Fjármálastjóri og formaður áhættunefndar SORPU gerir grein fyrir starfsskýrslu áhættunefndar SORPU.

Svana Helen Björnsdóttir tekur sæti í nýrri áhættunefnd fyrir hönd stjórnar.

3. Staða og horfur á forvinnslulínu MTFS – minnisblað

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir minnisblaði um rekstur forvinnslulínu fyrir blandaðan úrgang í MTFS.

Stjórn SORPU bókar eftirfarandi:

„Í ljósi fyrirséðra breytinga á söfnun matarleifa við heimili á höfuðborgarsvæðinu og þeirra krafna sem eru gerðar til moltuvinnslu er ljóst að vinnsla á lífrænum úrgangi úr blönduðum heimilisúrgangi verður ekki hluti af starfsemi SORPU til framtíðar. Stjórn SORPU felur framkvæmdastjóra að hefja undirbúning að lokun forvinnslulínunnar í móttöku- og flokkunarstöðinni í samráði við stýrihóp sem komið skal á fót til að tryggja framgang verkefnisins. Mikilvægt er að tryggja faglega ákvörðunartöku við framkvæmd verkefnisins, svo sem við áhættugreiningu og stjórnun verkefnisins. Framkvæmdastjóri skal upplýsa stjórn þegar línur skýrast um hvaða leið sé skynsamlegust að fara til að loka línunni.“



4. Eigendasamkomulag um áframhaldandi urðun í Álfsnesi

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu samtals um breytingar á eigendasamkomulagi um urðunarstað í Álfsnesi til að tryggja að höfuðborgarsvæðið verði ekki án urðunarstaðar í lok árs.

Umræður í kjölfar kynningar. Stjórn óskar eftir kynningu viðræðuáætlunar um nýjan urðunarstað á næsta stjórnarfundi.

5. Staða stefnumótunar SORPU bs.

Framkvæmdastjóri gerir fyrir stöðu stefnumótunar SORPU. Rætt hefur verið við fjögur ráðgjafafyrirtæki á sviði stefnumótunar. Farið verður í verðfyrirspurn hjá þeim aðilum sem uppfylla kröfur um gæði. Áætlað er að valferli ljúki í lok mánaðar.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að taka málið áfram í samræmi við kynningu.

6. Drög að starfsáætlun stjórnar kynnt

Fjármálastjóri kynnir drög að starfsáætlun stjórnar. Lagt fram til kynningar.

7. Staða útboðs á útflutningi á brennanlegum úrgangi.

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu á útflutningi á brennanlegum úrgangi. Útboðið hefur verið rýnt af innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar og verður sent til auglýsingar á útboðsvef TED í yfirstandandi viku.

8. Niðurstöður viðhorfskönnunar vegna samræmds flokkunarkerfis kynnt

Samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri gerir grein fyrir niðurstöðum könnunar um afstöðu almennings til nýs flokkunarkerfis og sérsöfnunar á matarleifum. Yfirgnæfandi meirihluti íbúa á höfuðborgarsvæðinu eru meðvituð um fyrirhugaða breytingu og yfirgnæfandi meirihluti íbúa er jákvæður í garð fyrirhugaðra breytinga.

9. Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður þriðjudaginn 14. mars 2023 klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið klukkan 09:30.